

STAÐA MÁLS

Málnr.:	2015-075-F-021
Dags:	9. ágúst 2015
Staður:	Barkárdalur
Lýsing:	Brotlenti og brann
Staða máls:	Ágúst 2016: Í rannsókn Febrúar 2017: Drög að lokaskýrslu hafa verið skrifuð

Flugmaður hugðist ferjufljúga flugvélinni til Minneapolis í Bandaríkjunum ásamt ferjuflugmanni, en til stóð að selja flugvélin. Fyrsti leggur ferjuflugsins var frá Akureyri til Keflavíkurflugvallar, en um þremur korterum eftir flugtak brotlenti flugvélin innarlega í Barkárdal á Tröllaskaga. Eldur kviknaði við brotlendinguna og flugvélin brann í kjölfarið. Flugmaður flugvélarinnar komst lífs af, en brenndist illa. Ferjuflugmaðurinn lést.



Flak flugvélarinnar var flutt í skýli RNSA til rannsóknar. Rannsóknarnefndir Bandaríkjanna og Kanada hafa aðstoðað við rannsóknina ásamt þeirra ráðgjöfum. Hreyfill flugvélarinnar ásamt loftskrófu var sendur til Bandaríkjanna þar sem ítarleg skoðun fór fram í maí 2016, að viðstöddum stjórnanda rannsóknar frá RNSA ásamt trúnaðarfulltrúa frá NTSB og eftirlitsaðilum frá FAA í Bandaríkjunum.

Rannsóknin beinist að hreyfli, afkastagetu, hleðslu og veðri.